

sent hingað þingsvitni og aðrar fleiri skýrslur viðvíkjandi hval, er unninn var 16. maí s. 5  
 á. í ísvök fram undan landi Þjóðjarðarinnar Höfðahóla í Vindhælishreppi og var rekinn 20. jan.  
 þar upp að landi og festur með festum, sem færðar voru á land; var hvalnum síðan  
 skipt þannig, að þeir menn, er unnu hann, tóku til sín tvo þriðjunga hans, en leigulið-  
 ar Þjóðjarðarinnar Höfðahóla köstuðu eign sinni á einn þriðjung, sem eptir skýrslu þeirra  
 nam 656 kr. 85 a. að öllum kostnaði og skurðarhlut frádregnum. Hafid þjer, herra amt-  
 maður, látið það álit yðar í ljósi, að landeiganda, sem hjer er landssjóður, en ekki leigu-  
 liðunum beri þriðjungur hvalsins eptir Jónsbókar rekabálki, 8. kap., og hafid þjer því  
 lagt það til, að höfðað verði mál gegn nefndum leiguliðum af hendi landsjóðsins og þess  
 krafizt, að þeir láti af hendi þann þriðjung hvalsins, sem þeir hafa tekið undir sig,  
 eða nettó-andvirði hans eptir framlögðum reikningum, svo og að þeir borgi allan kostnað  
 af málsókninni.

Með því að jeg eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, verð að  
 fallast á skoðun þá, er þjer, herra amtmaður, þannig hafid látið í ljósi, fel jeg yður á  
 hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að mál verði höfðað gegn leiguliðunum á  
 Höfðahólum á þann hátt, sem þjer hafid lagt til.

**Brjef landshöfðingja til prestsins síra Jóns Bjarnasonar á Seyðisfirði um skil 6**  
 fyrir eptirlaunum uppgjafaprests af brauði. — Í brjefi dagsettu 3. ágúst 1881 hafid 26. jan.  
 þjer sent stiptsyfirvöldunum, í umboði föður yðar, uppgjafaprestsins í Stafafellsprestakalli  
 Bjarnar Sveinssonar, skýrslu um tekjur nefnds prestakalls fardagaárið 1880—81, og jafn-  
 framt um það, hve mikið hann hefði fengið af eptirlaunum sínum af prestakallinu það  
 ár hjá prestinum Páli Pálssyni í Þingmúla, sem þá var prestur í Stafafellsprestakalli og  
 innheimti allar tekjur þess; taldist yður svo til, að faðir yðar ætti þá inni hjá honum  
 óborgað af eptirlaunum sínum 184 kr. 10 a. og óskuðuð þjer, að stiptsyfirvöldin vildu  
 sjá svo til, að föður yðar yrði fljótt og vel greidd skuld þessi. Eptir að stiptsyfirvöldin  
 höfðu nú leitað skýrslna þeirra um þetta mál, er þeim þótti við eiga, ákváðu þau í  
 brjefi dagsettu 23. sept. 1882 til prófestsins í Suður-Múlasýslu, að Páli presti bæri að  
 gjalda föður yðar 92 kr. 66 a., því þeim taldist svo til, að skuldin væri eigi meiri en  
 þetta.

Undan þessum úrskurði stiptsyfirvaldanna hafid þjer nú með brjefi dags. 26. okt.  
 f. á. borið yður upp við landshöfðingja og reynt til að sýna, að skuld föður yðar hjá  
 Páli presti væri í raun og veru 184 kr. 10 a. en ekki 92 kr. 66 a., eins og stiptsyfir-  
 völdin hefðu álitid, og hefir yður og fundizt aðferð Páls prests og stiptsyfirvaldanna  
 í þessu máli ekki sem hún hefði átt að vera.

Landshöfðingi getur nú auðsjánlega ekki með neinum lagakrapti skorið úr því,  
 hvað skuld föður yðar hjá Páli presti sje stór, heldur er það eptir atvikum dómstólanna,  
 og verður því faðir yðar að halda sjer til þeirra, ef hann eigi vill hlíta úrskurði stipts-  
 yfirvaldanna, eða hann og Páll prestur eigi geta sætt á málið.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ofheimt 7**  
 spítalagjald og aðflutningsgjald. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. 3. febr.  
 ritað mjer þannig:

«Í brjefi dagsettu 10. febrúar þ. á. ritaði jeg yður um nokkrar fjárgreiðslur, er

**7** sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hafði heimtað af kaupmanni P. Tærgesen, sumpart sem 3. febr. spítalagjald og sumpart sem aðflutningsgjald, og nú er jeg hefi meðtekið álitsskjal sýslumannsins með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 30. júní þ. á., vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg eptir öllum málavöxtum ekki fæ sjeð, að heimild hafi verið til að heimta nefnd gjöld af hlutaðeiganda. Að því er snertir spítalagjaldið, hefir stjórnarráðið áður í brjefi til yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 4. maí þ. á., látið þá skoðun sína í ljósi, að þetta gjald verði ekki heimtað þegar svo stendur á, að aflinn ekki hefir verið lagður á land, og að því er aðflutningsgjaldið snertir, álit jeg, að gjaldskyldan sje að sjálfsögðu bundin því skilyrði, er sjálf hugmyndin um aðflutningsgjald hefir í sjer fölgna, að hlutaðeigandi vörur sjeu *fluttar inn í landið*, enda er ljóslega gjört ráð fyrir þessu í tilskipun 26 febrúar 1872, 1. gr., að því er kemur til hins íslenzka brennivínsgjalds, sbr. orðin: „*sem flytjast til Íslands*“, eins og líka tilskipunin hvervetna mælir svo fyrir, að gjaldið skuli greitt áður en vörurnar eru fluttar í land, en að þetta skilyrði hafi átt sjer stað í tilfelli því, er hjer um ræðir, verður ekki sjeð, og skal jeg í því efni láta þess getið, að þó að skip liggi í landhelgi, má ekki skoða það sem á landi væri.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra landshöfðingi, yður til leiðbeiningar, skal jeg bæta því við, að jeg hef sent Tærgesen kaupmanni ávísun þá að upphæð 177 kr. 63 a., er hann hafði gefið út til borgunar á áminnstu spítalagjaldi, og sem þjer höfðu sent hingað með brjefi dagsettu 27. febrúar f. á., sem og gjört ráðstöfun til, að honum verði endurgoldið úr aðalfjehirzlunni fyrir hönd jarðarbókersjóðsins þær 18 kr. 60 aur., er hann hafði greitt sýslumanninum í Suður-Múlasýslu í aðflutningsgjald.

Þetta vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslumanninum í Suður-Múlasýslu.

**8** Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um málssöku og tálmanir af hálfu 7. febr. hins opinbera gegn boðendum mormónatrúar. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. ritað mjer þannig:

Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent mjer með þóknanlegu brjefi 2. október þ. á. erindi frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann vekur máls á, að Eiríkur bóndi Ólafsson sje lögsóktur til hegningar samkvæmt 157. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa gjört gys að trúarlærdómum þjóðkirkjunnar í riti nokkru um mormónatrúna, er hann hefir gefið út á þessu ári í Kaupmannahöfn, og fylgdi eitt exemplar af riti þessu með brjefi yðar. Hafið þjer beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort hið opinbera eigi að skerast í þetta mál, meðan hlutaðeigandi dvelur á Íslandi, og jafnframt um það, hvort yfir höfuð að tala eigi að leggja tálmanir fyrir boðendur mormónatrúarinnar af hálfu hins verulega valds, meðan þeir framkvæma ekki á Íslandi kenningar sínar um fleirkvæni, og heldur ekki á annan hátt brjóta á móti hinum borgaralegu lögum landsins.

Um þetta efni vil jeg tjá yður, herra landshöfðingi, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að stjórnarráðinu ekki virðist ástæða vera til að skipa lögsókn gegn höfundu nefnds rits út af efni þess, er ekki, að því stjórnarráðið fær sjeð, hefir þá stefnu að gjöra gys að trúarlærdómum kirkjunnar, og að síðari hluta fyrirspurnar yðar einnig ber að svara neitandi.

Þetta tilkynni jeg yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar.